

Efla hf
Ólafur Árnason
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2014
Tilvísun: 201402056 / 5.2

Efni: Efnistaka í Seljadalsnámu í Mosfellsbæ. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Eflu verkfræðistofu, f.h. Malbikunarstöðvarinnar Höfða, hf að matsáætlun um Efnistaka í Seljadalsnámu í Mosfellsbæ.

Efla hf sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 17. mars 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

Malbikunarstöðin Höfði. Efnistaka í Seljadal, Mosfellsbæ. Efla, verkfræðistofa. Mars 2014

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Mosfellsbæ, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Mosfellsbæ með bréfi dags. 1. apríl 2014, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 2. apríl 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 3. apríl 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. mars 2014. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 10. apríl 2014.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Eflu verkfræðistofu, f.h. Malbikunarstöðvarinnar Höfða, að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í svarbréfi við umsögnum dags. 10. apríl 2014.

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.